

20. okt 2022

## **Stjórnarfundur** í golfskálanum kl. 18:00

*Mætt: Páll, Hreinn, Magnús og Hlynur Geir. Bjarki í fjarfund.*

*Vant við látin: Helena, Arnór Ingi og Ásta,*

Páll býður fólk velkomið á stjórnarfund, setur fund og gengur síðan til **dagskrár**:

1. Samningaviðræður við Árborg
2. Fundir framundan/aðalfundur
3. Reksturinn
4. Önnur mál

### **1. Samningviðræður við Árborg**

PS greinir frá því að þeir HGH áttu góðan fund með forystufólki Árborgar f. upb. tveimur vikum, um nýjan samning. Sammæli aðila var um atriði nýs samnings, málið er í góðum farvegi og niðurstaðna er að vænta á næstu vikum

### **2. Fundir framundan/aðalfundur**

Ákveðið að halda aðalfund þann 7.12. 2022 Auglýsa þarf fundinn með viku fyrirvara ásamt því að auglýsa eftir framboðum til stjórnarkjörs. Tveir stjórnarmenn eru að ljúka tveggja ára stjórnarsetu.

Stjórnarfundur verður haldinn 28.11. þar sem ársreikningur verður kynntur.

### **3. Reksturinn**

Rekstur gengur vel og betur en í fyrra.

Stjórn samþykkti að ráða nýjan vallarstjóra og Ólafur Dór Steindórsson hefur störf 13. janúar nk.

Ákveðið var að kaupa brýnsluvél, sem kæmi til landsins í mars, ef allt gengur upp.

### **4. Önnur mál**

Kaup á áburðardreifara voru rædd og HGH falið að ganga í málið, með nýjum vallarstjóra.

Til stendur að leigja pílukastsfélaginu aðstöðu í golfskálanum í vetur.

Skýrslur Vinnueftirlitsins um ástand vélakosts komu í hús í haust og verður unnið að viðhaldi í vetur.

HP